

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði Reyðarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	4.5.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Páll Freysteinss./Dagný Björk Reynisd.	Staðsetning	729651,982 512054,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram frávik frá starfsleyfi og ekki voru gerðar athugasemdir við starfsemina. Unnið er samkvæmt úrbótaáætlun varðandi frávik sem fram kom í fyrra eftirliti 2015 varðandi geymslu framleiðsluúrgangs, m.a. þeytilausnar á lóðum að Hrauni 7-9. Rekstraraðili hefur óskað eftir fresti til 1.september til að ljúka við tengibúnaði við tvöfaldan gám til að geyma þeytilausn þegar hún fellur til í á meðan verið er að vinna hana niður í vatnshreinsivirki.

Mæliáætlun og vöktunaráætlun eru í endurskoðun. Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærðri útgáfu af mæliáætluninni. Umhverfisstofnun mun senda rekstraraðila upplýsingar ef stofnunin fer fram á breytingar á núverandi vöktunaráætlun að undangegnu samráði við Matvælastofnun varðandi vöktun á búfenaði og fóðri grasbita.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á skoðunarferð í steypuskála, vatnshreinsivirki og kerskála. Löndun á súráli stóð yfir og var því farið niður að höfn og aðstæður við löndunina skoðaðar. Í steypuskálanum var litið á útblásturshreinsun frá saltfeeder við víravél, ofan við víravél og verkstæði. Í vatnshreinsivirki var litið á fyrirætlanir um úrbætur til að tengja geymslutank fyrir þeytilausn þegar hún fellur til. Búið er að fjarfesta í tvöföldum tanki til að geyma þeytilausnina á meðan á endurvinnslu stendur í hreinsivirkinu og geymsluskápum með lekavörnum til að geyma kvoðu úr hreinsivirki þar til hún er send til brennslu í Kólku. Í kerskála og steypuskála var snyrtilegt um að lífast. Við löndunina var ekki mikil sýnileg rykmyndun en veður gott og lífill vindur.

Að lokinni skoðunarferð var fundað og farið yfir gögn.

Byrjað var á yfirferð ársfjórðungsskýrslu og niðurstöður á mælingum í kerskála. Frá og með næstu ársfjórðungsskýrslu munu niðurstöður úr mælingum á útblæstri ryksafnara verða birtar í skýrslunum. Óskað var eftir nánari upplýsingum um sýnatökuaðferðir og efnagreiningar kasettumælinga í kerskála og hafa þau gögn verið send stofnuninni. Eins var óskað eftir nýjustu niðurstöðum úr mælingum á ryksöfnurum. Losun frá kerskála hefur farið vaxandi síðastliðin ár. Rætt var um aðgerðir til að lágmarka losun og mögulegar orsakir fyrir aukningu á losun. Rekstraraðili stefnir á að fá sérfræðing í loftflæðidreyfingu kerskála í heimsókn í haust til að koma með tillögur að aðgerðum til að ná betri stjórn á loftflæði á kerskála og þar með lágmarka losunina.

Farið var yfir viðhald, eftirlit og rekstrartruflanir í reykahreinsivirki. Þrjú tilvik hafa verið tilkynnt til stofnunarinnar frá síðasta eftirliti. Þann 17. desember var tilkynnt um bilun á netbúnaði sem stjórnar innmötun á kerinn. Bilunin olli rekstrartruflun í hreinsivirki þannig að óhreinnað loft barst út í andrúmsloft í 5 klst. Daginn eftir, þann 18. desember var tilkynnt um kerleka sem gerði það að verkum að draga þurfti úr afsogi tímabundið. Þann 1.mars sl. var rafmagn tekið af vegna viðhaldsvinnu (í rúma klst) og 14. mars varð stífla í innmötun á súráli svo að lækka þurfti afsog niður í 50% í 9 klst. Þann 29. apríl var unnið að viðhaldi svo lækka þurfti afsogið tímabundið. Ekkert þessara tilvika gerði það að verkum að farið væri yfir losunarmörk sem skilgreind eru í starfsleyfi. Rætt var um viðbrögð og ástæður bilananna. Einnig var rætt um mögulegar fyrirbyggjandi aðgerðir til að halda rekstrartruflunum sem þessum í lágmarki. Spurt var út í pokaskipti í hreinsivirkjunum en á síðasta ári var skipt um poka í þremur síuhúsum af tólf. Fylgst er með mismunaprýstingum í síuhúsum til að meta hvenær þörf er á pokaskiptum.

Þá var rætt um ryksöfnun í steypuskála. Rekstraraðili sendi erindi í byrjun árs 2016 með fyrirspurn varðandi ryksöfnun frá saltfeeder en rekstraraðili telur sprengihættu mögulega af núverandi búnaði og hyggst því taka hann úr notkun. Hreinsun á útblæstri frá víravélinni sjálfri er leitt í gegnum siur sem hreinsar mestu olíulausnina úr útblæstrinum. Áður fyrr var tvöfalt síukerfi en það skapaði slæm vinnuskilyrði fyrir starfsfólk í vinnslurýminu svo að finni síurnar voru fjarlægðar. Árlega eru gerðar mælingar á olíumagni í útblæstrinum frá víravélinni.

Eftirlitsaðili spurði út í umhverfismarkmið Alcoa og hvornig þau væru innleidd í dagleg störf. Alcoa leggur mikla áherslu á að halda losun í andrúmsloft í lágmarki. Áhersla hefur verið lögð á mikla fræðslu um losunina til starfsmanna. Rekstraraðili setur sér mánaðarleg markmið um losun sem fylgt er eftir með vikulegum skýrslum til framkvæmdastjórnar og daglegum stöðufundum með hverri vakt. Þá hefur móðurfélagið sett sér markmið um að minnka magn úrgangs sem settur er í urðun og stefnir að 100% endurnýtingu, þ.e. að ekkert verði urðað. Eftirlitsaðili

minnti á mikilvægi þess að fyrirtækið setji sér umhverfismarkmið varðandi starfsemina í heild og hefði þau vel sýnileg í fyrirtækinu og legði sig fram um að innleiða þau til starfsmanna.

Að lokum var rætt um endurskoðun vöktunaráætlunar sem er fyrirhuguð á árinu en nánar var rætt um það á samráðsfundi sem haldinn var að loknum eftirlitsfundi. Rekstraraðili hefur komið fyrir nýjum loftflæðimæli í öðrum kerskálalum þannig að nú eru mælar í hvorum skála fyrir sig og mun uppfæra mæliáætlun í kjölfarið.

ANNAÐ

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda var send samhliða öryggisskýrslu vegna stórslysavarna.

Reykjavík, 24.05.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Halla Einarsdóttir